

**Nd.**

**418. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson, Magnús Guðmundsson, Haraldur Guðmundsson, Sveinn Ólafsson, Einar Jónsson, Jóhann P. Jósefsson, Gunnar Sigurðsson.

1. gr.

Heimilt skal sýslunefndum og bæjarstjórnnum að ákveða það lýðskóla-fyrirkomulag innan sýslu- eða bæjarfélagsins, að allir ungir menn verkfærir á aldrinum 18 ára vinni kauplaust líkamleg störf í þarfir síns sýslu- eða bæjarfélags, þar sem þeir eiga heimili, 7 vikur að vorlagi, gegn ókeypiss húsvist og kennslu við verklegt og bóklegt nám í skóla 6 mánaða tíma næsta vetur á eftir að vinnan hefir farið fram.

2. gr.

Nú lízt meiri hluta sýslunefndar eða bæjarstjórnar að starfræka lýðskóla með slíku fyrirkomulagi fyrir karlmenn, þá skal það með leynilegri atkvæðagreiðslu borið undir alla kjósendur til sýslunefndar eða bæjarstjórnar, og skal um atkvæðagreiðsluna fara á sama hátt og segir í lögum um kosningar til Alþingis.

### 3. gr.

Ef meiri hluti allra kosningabærra manna samþykkir starfrækslu lýðskóla með áðurnefndu fyrirkomulagi, þá skal fullkomið skólabús, af þeirri stærð, er áætlað nemendatal í sýslunni eða bæjarfélaginu útheimtir, byggt á kostnað ríkissjóðs, á þeim stað, er viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveður og yfirstjórn fræðslumála getur fallið á.

### 4. gr.

Hætti sýslu- eða bæjarfélag að starfrækja skóla með þessu fyrirkomulagi áður en 20 ár eru liðin frá þeim tíma, að skólahúsið var fullgert, skal það falla aftur til ríkisins með fyrirfram ákveðinni lóð eða landi, til fullrar eignar og allra umráða, nema öðruvísi um semjast milli þeirra, er þá eiga hlut að máli.

### 5. gr.

Með reglugerð, er viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn semur og samþykkir og yfirstjórn fræðslumála staðfestir, skal ákveða stjórn, tilhögun vinnunnar og skólans.

Þar má setja ákvæði um undanþágu að því er aldurstakmark nemenda snertir, svo og sektarákvæði gagnvart þeim, sem eru þess valdandi, að nemandi kemur eigi til skólavinnunnar, þegar hann er kallaður.

Skulu sektirnar renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð.

Loks má í reglugerð setja ákvæði um það, að þann tíma skólaársins, er vinnan og skólinn stendur eigi yfir, sé hverjum nemanda heimilt að leita sér atvinnu þar, sem hann vill, án þess að leysa lausamennskuleyfi, og sömu leiðis ákvæði um það, að ef einhver nemandi vill eigi nota rétt sinn til skólans, þá standi plássið hverjum þeim opið, er stunda vill nám í skólanum lengur en 1 vetur.

### Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni sýslumannsins í Rangárvallasýslu og er samhljóða frumvarpi, er flutt var á síðasta þingi. Visast til greinargerðar, er þá fylgdi því (sjá Alþt. 1929 A, þskj. 98).